

— *Brjef landshöfðingja til stiptsyfirvaldanna um algjörðán aðskilnað* 3. **164**
og 4. bekkis hins lærða skóla. — Í heiðruðu brjefi 21. p. mán. hafa stipts- 24. sept.
yfirvöldin tilkynnt mjer, að þjer upp á væntanlegt samþykki landshöfðingjans hafið sam-
kvæmt tillögum rektors fallið á, að 3. og 4. bekkur lærða skólans, sem hingað til hafa
verið sameinaðir í kennslustundunum í íslenzku, stærðfræði og trúbrögðum, en í þeim
eru nú sem stendur 37 lærisveinar samtals, væru aðskildir með öllu.

Þessi úrskurður stiptsyfirvaldanna samþykkist hjér með.

— *Brjef landshöfðingja til sýslumannsins í Norður-Múlasýslu um innhemting á* **165**
húsaskatti. — Í brjefi frá 19. ágúst p. á. hafið þjer, herra sýslumaður spurt, hvort 16. okt.
húsaskattur sá, er heimta skal saman á næstu manntalsþingum, sje greiddur fyrir alma-
naksárið 1878 eða fardagaárið 1878—79, hvort beri að heimta hann af húsum, sem að
eins er búið í part af árinu, hvort skatturinn eigi að greiðast af húskofum, er að eins eru
ætlaðir til þess að geyma fisk eða salt í, og af sjómannabúðum, hvort eigandi eða
leigjandi hússins eigi að greiða skattinn, og hvort sýslumenn megi borga hann í lands-
sjóð með ávísun á verzlunarhús í Kaupmannahöfn. Fyrir því vil jeg tjá yður það, er
nú segir:

1. Með því að ákveðið er í 6. grein laga 14. desbr. f. á., að húsaskatturinn
eigi að heimtast á manntalsþingum ár hvert, virðist mjer það liggja næst við að ætla
hann lagðan á fyrir fardagaárið. Aptur á móti virðist það ljóst, að heimta eigi skatt af
öllum þeim húseignum, sem notaðar hafa verið á árinu og virtar samkvæmt reglugjörð-
inni frá 11. maí p. á. Getur það í þessu tilliti varla komið til greina, að húsin
að eins hafa verið notuð lítinn hluta úr ári. Heldur ekki virðist það geta haft neina
þýðingu, að húseignin er ekki notuð til íbúðar. Lögin leyfa að eins 3 undantekningar:

a, hús; sem eru minna virði en 500 kr.

b, hús, sem eru notuð við ábúð á jörð, er metin er til dýrleika.

c, kirkjur, skólar o. s. frv. Sjá 2. grein laganna.

Allar aðrar húseignir verða að teljast skattskyldar.

2. Með því ekki er ákveðið, að skatturinn skuli hvíla á húsleigjanda, getur varla verið
umtalsmál, að aðrir en eigandi sjeu skyldir að greiða skattinn, hins vegar verður eigandi
skyldur að hafa umboðsmann í lögsagnarumdæmi því, sem húsið liggur í, sje hann
ekki sjálfur þar búsettur, og virðist heimilt að taka húsið lögtaki fyrir skattinum, ef eig-
andi hefir ekki fengið leigjanda umboð, nje tilkynnt hlutaðeiganda lögtaksfremjanda, að
hann hafi þar á staðnum annan umboðsmann, er muni greiða skattinn.

3. Ekkert getur verið því til fyrirstöðu, að gjaldheimtumenn borgi húsaskattinn,
eins og önnur þinggjöld með ávísun á áreiðanlegt verzlunarhús í Kaupmannahöfn.

— *Brjef ráðgjafans fyrir Ísland til landshöfðingja um laun prestsins á* **166**
Vestmannaeyjum. — Eptir að ráðgjafinn hafði meðtekið skýringar þær, sem þókn- 17. okt.
anlegt brjef yðar, herra landshöfðingi, frá 2. f. m. innihjelt, um útreikninginn á endur-
gjaldi því, er samkvæmt 4. gr. laga frá 14. desember f. á. um skattgjöld á Vestmanna-
eyjum, ber að greiða hinum núverandi presti á Vestmannaeyjum úr landssjóði fyrir þann

Hinn 31. desember 1878.